

Bæjarstjórn - 23

## FUNDARBOÐ

**23. fundur bæjarstjórnar**  
**verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 21. mars 2024 og hefst kl.**  
**17:00**

### Dagskrá:

#### Fundargerðir nefnda

- 1. 2401007F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 32**  
Lögð fram 32. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 2. 2402004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 33**  
Lögð fram 33. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 3. 2402002F - Skipulagsnefnd - 20**  
Lögð fram fundargerð 20. fundar skipulagsnefndar.
- 4. 2403001F - Ungmennaráð - 5**  
Lögð fram fundargerð 5. fundar ungmennaráðs.
- 5. 2403002F - Bæjarráð - 20**  
Lögð fram fundargerð 20. fundar bæjarráðs.

#### Erindi til kynningar

- 6. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**  
Lagðar fram fundargerðir 944.og 945. funda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 7. 2003023 - Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**  
Lögð fram 179. fundargerð stjórnar SSV.
- 8. 2403001 - Frammistöðuskýrsla Snæfellsness vegna EarthCheck umhverfisvottunar**  
Lögð fram fram frammistöðuskýrsla Snæfellsness vegna EarthCheck umhverfisvottunar.

#### Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 9. 2403002 - Stofnun barnaverndarþjónustu Snæfellsness, Borgarbyggðar & Hvalfjarðarsveitar**  
Lögð er fram tillaga um að sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur,

Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu með Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit og að gerður verði viðauki við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar, sem birtur hefur verið í Stjórnartíðindum nr. 121/2024, um leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarráð samþykkti, á 20. fundi sínum, þáttöku sveitarfélagsins fyrir sitt leyti og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja þáttöku sveitarfélagsins á grunni fyrirbyggjandi gagna.

Fyrir bæjarstjórn er lögð fram tillaga að afgreiðslu erindisins.

#### **10. 2208025 - Samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms**

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn á 20. fundi sínum að samþykkt um stjórn sveitarfélagsins verði breytt í samræmi við nýju þáttöku sveitarfélagsins um barnaverndarmál.

Með vísan til afgreiðslu bæjarráðs er lögð fram til fyrri umræðu tillaga um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms sem felur í sér viðauka við samþykktina í tengslum við samstarf um barnaverndarþjónustu, þar á meðal framsal á valdi í barnaverndarþjónustu frá sveitarfélaginu til Borgarbyggðar.

#### **11. 2403011 - Áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambandsins**

Lögð fram áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024. Þá er einnig lagt fram viðbótarerindi frá Sambandinu þar sem áréttað er að samningsumboð Sambandsins nær ekki yfir yfirlýsingu sem þessa og því einungis um áskorun að ræða frá Sambandinu.

Bæjarráð samþykkti, á 20. fundi sínum, að sveitarfélagið leggi sitt að mörkum í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og vísaði málinu til frekari vinnslu í bæjarráði.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **12. 2403009 - Hjallatangi 48 - DSK óv br**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Nónvíkur frá 2011 vegna Hjallatanga 48.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 20. fundi sínum, að grenndarkynna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðarhöfum Hjallatanga 44 og 46 samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/201, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð samþykkti á 20. fundi sínum, í samræmi við afgreiðslu skipulagsnefndar, að grenndarkynna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðarhöfum Hjallatanga 44 og 46, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/201, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og fól bæjarstjóra að afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu eða ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar með þeirri viðbótar tillögu að lóðin verði auglýst laus til úthlutunar í kjölfar skipulagsbreytinga.

**13. 2402017 - Kennslukvóti fyrir skólaárið 2024-2025**

Skólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi kom til fundar við bæjarráð, á 20. fundi bæjarráðs, og kynnti áherslur í starfi skólans á næsta skólaári og tillögu að kennslukvóta.

Bæjarráð samþykkti að kennslukvóti yrðu 463 tímar skólaárið 2024-2025.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

**14. 2310037 - Uppbygging hafnarmannvirkja Stykkishólshafnar**

Lagt fram minnisblað frá Vegagerðinni um framtíðaruppbyggingu hafnarmannvirkja ásamt fyrirbyggjandi samgönguáætlun.

Á 5. fundi hafnarstjórnar tók hafnarstjórn jákvætt í fyrirbyggjandi hugmyndir í minnisblaði Vegagerðarinnar og hvatti Vegagerðina til þess að vinna hugmyndirnar áfram þannig að nýta megi fjármagn í samgönguáætlun sem þegar hefur verið úthlutuð til uppbyggingar á Stykkishólshöfn.

Bæjarráð óskaði, á 20. fundi sínum, á grunni áherslna hafnarstjórnar, formlega eftir því að fjárveitingum úr samgönguáætlun verði ráðstafað í samræmi við fyrirbyggjandi áherslur í minnisblaði Vegagerðarinnar þannig að hefjast megi handa við að fjölga flotbryggjum í Stykkishólshöfn og að nauðsynlegar endurbætur hafsskipabryggju geti hafist sem fyrst sem og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir í Stykkishólshöfn.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bærarstjórn.

**15. 2401018 - Ráðning byggingarfulltrúa**

Lögð fram niðurstaða hæfninefndar og ráðgjafa um ráðningu byggingarfulltrúa.

Bæjarráð lagði til við bærarstjórn, á 20. fundi sínum, að samþykkja tillögu hæfnisnefndar um ráðningu byggingarfulltrúa.

**16. 2403017 - Útsvar á fjármagnstekjur**

Lögð fram tillaga frá Í-lista þar sem lagt er til að bæjaryfirvöld sendi hvatningu til ríkisvaldsins um að gera lagabreytingar þess efnis að útsvar verði lagt ofaná fjármagnstekjur. Það getur ekki gengið að sveitarfélagið fái engan hlut fjármagnstekna en þurfa að standa undir allri nærþjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Bæjarráð vísaði málinu til næsta bærarstjórnarfundar.

19.03.2024

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bærarstjóri.